

Sp.

807. Tillaga til þingsályktunar

[457. mál]

um að efla kjararannsóknir.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði gerðar áreiðanlegri en nú er. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggja skil á launamiðum og réttum upplýsingum.

Greinargerð.

Í mörg ár hafa verið gerðar kjararannsóknir hér á landi. Mörg stéttarfélög, kjararannsóknarnefnd, Framkvæmdastofnun, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilar hafa gert kannanir á kjörum fólks á vinnumarkaðinum. Rannsóknir hafa að mestu byggst á skattframtölum, svörum einstakra launamanna og svörum fyrirtækja. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna hefur nýlega verið sett á laggirnar að fyrirmynd kjararannsóknarnefndar aðila vinnumarkaðarins.

Kjararannsóknir byggjast að sjálfsögðu á þeim upplýsingar sem hægt er að ná til. Þjóðhagsstofnun hefur gert kannanir sem byggjast á skattagögnum. Þau gögn gætu verið mikilvæg ef upplýsingar um launamun væru ítarlegri og áreiðanlegri. Kjararannsóknarnefnd gerir ráð fyrir að svör berist frá atvinnurekendum og launafólki. Ef fyrirspurnum er ónákvæmt svarað eða gögn illa unnin getur það leitt til þess að upplýsingar um kjör heilla starfshópa komi ekki fram. Við samanburð á niðurstöðum kjararannsókna hefur skort alla samræmingu í notkun hugtaka. Til dæmis er ekki hægt að bera saman tiltekin starfsheiti úr könnunum frá hinum ýmsu aðilum. Þetta skapar rugling og ónákvæmni.

Launamiðar eru nú þannig að þær eiga að koma fram ýmsar upplýsingar um laun, hlunnindi, stéttarfélag, lífeyrissjóð og fleira og eru þær án efa misgóðar. Hingað til hefur ekkert verið gert til að tryggja að þær upplýsingar, sem nú er beðið um, komi fram. Það þarf að sjá til að þessar upplýsingar séu samræmdar og áreiðanlegar. Í því skyni getur verið nauðsynlegt að setja viðurlög við því ef ekki koma réttar og fullnægjandi upplýsingar fram á launamiðum.

Undanfarin ár hafa orðið verulegar breytingar á launakerfum í landinu. Í meginatriðum er hægt að segja að um tvö launakerfi sé að ræða. Annars vegar launakerfi opinberra starfsmanna, sem er nánast hreint taxtakerfi, og hins vegar launakerfi á almennum vinnumarkaði, sem er taxtakerfi í grunninn, en ofan á er byggt kerfi með bónus, yfirborgunum og uppmælingum. Taxtar á almennum markaði sýna því lágmarkslaun á

hverjum tíma. Allmargar stéttir, einkum kvennastéttir, taka eingöngu laun samkvæmt töxtum en stór hluti launafólks fær aukagreiðslur af ýmsu tagi. Margir fá þessar greiðslur fyrir mikla vinnu, en þó er töluvert um að samið sé beint við vinnuveitanda um hærri laun en taxtar kveða á um. Hugtök eins og ómæld yfirvinna og jafnvel óunnin heyrast gjarnan í umræðum um launamál og þykir orðið sjálfsagt að semja um slíkar greiðslur ef mögulegt er. Þetta á við um einstöku stéttir í opinberri þjónustu, en aðallega á þetta við um almenna vinnumarkaðinn. Í mörgum tilvikum eru taxtalaunin aðeins fjarlæg viðmið fyrir yfirborganir og ýmis hlunnindi.

Flest launafólk þarf að vinna hörðum höndum til að geta framfleytt sér og sínum og nú er svo komið að fáar fjölskyldur geta lifað af einum launum. Til að ná endum saman verða flestir að vinna langan vinnudag. Það er staðreynd að miðað við nágrannaþjóðirnar er vinnudagur hér á landi óheyrilega langur.

Undanfarið hafa reiknimeistarar komist að þeirri niðurstöðu að „ráðstöfunartekjur“ fólks á Íslandi hafi aldrei verið hærri. Útreikningar þeirra byggjast á meðaltölum, en ekkert tillit er tekið til misskiptingar teknanna eða þess vinnuálags sem að baki liggur. Þannig sýna hækkaðar meðaltekjur í raun ekki annað en aukna misskiptingu launa í landinu.

Markmið allra ætti að vera að fólk geti framfleytt sér sómasamlega af launum fyrir dagvinnu. Sú mikla yfirvinna, sem margir þurfa að leggja á sig til að geta náð endum saman, kemur fyrst og fremst niður á fjölskyldulífi og verða börnin þar hardast úti. Auk þess er heilsu fólks stefnt í voða því fæstir þola slíkt álag til lengdar. Þrátt fyrir lág dagvinnulaun eru þeir margir, einkum konur með börn, sem ekki eiga annars kost en að reyna að lifa af dagvinnulaunum. Hitt er einnig vitað að margir, sem aðeins vinna 40 stunda vinnuviku, fá laun sem eru langt umfram það sem samið hefur verið um í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Sú tilhneiging við gerð kjarasamninga að semja um ýmsar aukagreiðslur í stað þess að leggja áherslu á að hækka laun fyrir dagvinnu hefur, m.a. leitt til gliðunar stórra samtaka launafólks, og einstaklingsbundinna samninga og mun leiða til versnandi kjara lífeyrisþega. Yfirborganir og aukagreiðslur sýna, svo ekki verður um villst, getu atvinnuveganna til að greiða hærri laun en taxtar segja til um. Yfirvinna af ýmsu tagi verður stöðugt stærri hluti af þeim launum sem fólk fær úr launaumslaginu. Það er því mikilvægt að auðvelt sé að gera sér grein fyrir hve stór hluti af launagreiðslum er annað en grunn- eða taxtalaun.

Vegna frávika frá launatöxtum er ærfiðara að gera sér grein fyrir raunverulegum launum fólks, enda eru flestir sammála því að það launakerfi sem við búum við sé hrunið. Aðstaða fólks til að semja sérstaklega fyrir sjálft sig er mjög mismunandi og augljóst er að þeir, sem lægstu launin hafa, hafa minnsta möguleika til að gera slíka samninga. Auk þess gerir þetta fyrirkomulag allar kjararannsóknir mjög erfiðar og óáreiðanlegar.

Til að gera sér ljóst hvaða laun eru greidd fyrir sams konar vinnu er nauðsynlegt að starfsheiti verði skilgreind og samræmd. Í kjararannsóknnum, sem nú eru gerðar, eru notuð mismunandi starfsheiti eftir því hver um málið fjallar. Þannig notar kjararannsóknarnefnd eitt kerfi og Framkvæmdastofnun annað. Þetta leiðir til þess að erfitt er að gera sér grein fyrir eðli hinna ýmsu starfa og hvaða laun eru greidd fyrir þau.

Tillaga þessi felur í sér að skráðar verði á einfaldan hátt upplýsingar til að auðvelda og bæta kjararannsóknir. Með því verður hægt að átta sig betur á því fyrir hvers konar vinnuframlag laun eru greidd, svo sem dagvinnu og yfirvinnu. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að samræma og skilgreina starfsheiti betur en nú er gert.

Efldar og nákvæmari kjararannsóknir auka líkur á að unnt sé að gera launakerfin auðskildari. Tillaga þessi er liður í því að efla kjararannsóknir og gera þær nákvæmari. Um leið og upplýsingar af því tagi, sem hér er lagt til, liggja fyrir aukast líkur á því að launakerfi verði auðskiljanlegri og aðgengilegri og að takast megi að skapa grunn fyrir réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.